Kópavogsbær

UMHVERFISSVIÐ, SKIPULAGSDEILD

Kópavogi, 8. júní 2026
26051993/ KHK

Kastalagerði 4

Umsögn um byggingarleyfisumsókn

Umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 26. maí 2026 var lagt fram erindi byggingarfulltrúa dags. 8. maí 2026 þar sem byggingarleyfisumsókn Kristins Ragnarssonar arkitekts f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 4 við Kastalagerði var vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Sótt er um að framlengja valmaþak yfir bílskúr og að hækka bílskúrsveggi upp í nýtt þak. Uppdrættir dags. 23. desember 2008, uppfærðir 4. febrúar 2026. Erindinu var vísað til verkefnastjóra til umsagnar.





Mynd 1. Loftmynd af umræddri lóð, tekin af kortavef Kópavogs og ásýnd frá götu af ja.is

Á lóðinni stendur í dag einbýlishús sem byggt var á árinu 1970 eftir teikningu Kjartans Sveinssonar. Á árinu 1996 var heimilað að breyta þakformi hússins úr einhalla þaki í valmaþak, sem byggt var ofan á eldra þak.


Forsendur í aðalskipulagi

Lóðin er á íbúðarsvæði (ÍB-1) í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Í greinargerð aðalskipulagsins er byggðinni lýst sem fastmótaðri íbúðarbyggð í eldri hverfum bæjarins á. Ekki er í gildi deiliskipulag á umræddu svæði. Á ódeiliskipulögðum svæðum skulu rammaákvæði aðalskipulagsins höfð til hliðsjónar.

Byggingarleyfisumsóknin

Sótt er um að framlengja valmaþak yfir bílskúr og hækka veggi bílskúrsins að nýju þaki. Breytingin hefur ekki í för með sér aukið byggingarmagn og nýtingarhlutfall helst óbreytt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



Mynd 2 Innsend hönnunargögn, dags 4.febrúar 2026

Umsögn og niðurstaða

Framlenging á þaki yfir bílskúr hefur ekki áhrif á nýtingarhlutfall lóðarinnar og samræmist rammaákvæðum aðalskipulags, þar sem þakhækkun er innan hæðar aðliggjandi byggðar.

Ekki eru gerðar athugasemdir við byggingarleyfisumsókn verði grenndarkynnt.

F.h. skipulagsfulltrúa
Kristjana H Kristjánsdóttir
Skipulagsfræðingur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Rafræn skilríki

Undirritað af: Kristjana H Kristjánsdóttir

Tími: 08.06.2026 15:42
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026